

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps
149. fundur.

Miðvikudaginn 11. júní 2014 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Fundargerðir:
 - a) Fjallskilanefndar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 21. apríl 2014.
 - b) Skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 10. júní 2014.
 - c) Félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 22. apríl 2014.
 - d) Stjórnar Samb. ísl. Sveitarfélaga, dags. 16. maí 2014.
3. Viðauki við fjárhagsáætlun 2014.
4. Áætlun til þriggja ára um refaveiðar.
5. Niðurstaða skoðanakönnunar um sameiningarmál.
6. Bréf:
 - a) Frá Rauða krossinum á Íslandi, dags. 13. 05. 2014.
 - b) Frá Sýslumanninum á Blönduósi, dags. 7. 05. 2014.
 - c) Frá Fræðsluþjónustu Skagfirðinga, dags. 05. 05. 2014.
 - d) Frá Tækifæri hf., dags. 26. 05. 2014.
 - e) Frá Sambandi ísl. Sveitarfélaga, dags. 29. 05. 2014.
 - f) Frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dags. 26. 05. 2014.
7. Önnur mál.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.05

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu framkvæmda hjá sveitarfélaginu.

2. Fundargerðir:

- a) Fjallskilanefndar Grímstungu- og Haukagilsheiðar með fjallskilanefnd Víðdælinga, dags. 21. apríl 2014.

Fjallskilanefndin leggur til að flýta göngum haustið 2015 um eina viku, þannig að réttað verði í Undirfellsrétt dagana 4 og 5 september. Sveitarstjórn samþykkir tillögu fjallskilanefndarinnar.

- b) Skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 10. júní 2014.

1. Umsögn Skipulagsstofnunar frá 15. maí sl. um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi

Húnavatnshrepps 2010-2022 vegna virkjana á veituleið Blönduvirkjunar og efnistökusvæði við Kjalveg. Þarfnast ekki staðfestingar sveitarstjórnar.

2. Umsögn Skipulagsstofnunar frá 28. maí sl. um óverulega beytingu á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 vegna efnisvinnslu til viðhalds á Kjalvegi. Þarfnast ekki staðfestingar sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps
149. fundur.

3. Erindi frá Þórkötlunni Þórisdóttur, umsókn um breytta skráningu á húsi sem samþykkt er að byggja á lóð úr landi Syðri- Brekku, landnr. 222112. Í umsókn um stofnun lóðar var sótt um lóð og byggingarleyfi fyrir frístundahús. Nú er sótt um að húsið verði samþykkt og skráð sem íbúðarhús. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti þar sem breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Húnavatnshrepps og hönnun hússins uppfyllir skilyrði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 um íbúðarhús. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.
4. Erindi frá Birni Magnússyni, umsókn um byggingarleyfi til að byggja við matshluta 15, Starfsmannahús í landi Hólabaks, landnr. 144717. Umsókninni fylgir ófullgerður aðaluppdráttur. Viðbyggingin er 49,2 m² og verður heildarstærð hússins 121,3m² eftir viðbyggingu. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir byggingaráformin fyrir sitt leyti með fyrirvara um fullnægjandi hönnunargögn. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.
5. Breyting á deiliskipulagi Hveravalla. Upplýsingar frá Kára Eiríkssyni, arkitekt, um stöðu málsins. Þarfnast ekki staðfestingar sveitarstjórnar.

c) Félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 22. apríl 2014.
Lögð fram til kynningar.

d) Stjórnar Samb. Ísl. Sveitarfélaga, dags. 16. maí 2014.
Lögð fram til kynningar.

3. Viðauki við fjárhagsáætlun 2014.

Vegna breytinga á áætluðum tekjum, útgjöldum og fjárfestingum árisins 2014, samþykkir sveitarstjórn Húnavatnshrepps eftirfarandi viðauka við Fjárhagsáætlun 2014.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi breytingum í rekstri málaflokka:

00. Skatttekjur: Hækkun útsvars.	-13.000.000 kr.
02. Félagsþjónusta: Hækkun v/félagsstarfs aldraðra.	450.000 kr.
04. Fræðslumál: Hækkun á styrk vegna námsvers	330.000 kr.
05. Menningarmál: Hækkun v/Héraðsbókasafns	1.600.000 kr.
06. Æskulýðs og íþróttamál: Hækkun v/Neisti	300.000 kr.
08. Hreinlætismál: Lækkun sorp- og rotþróargj.	500.000 kr.
21. Sameiginl. Kostnaður: Sveitarstjórnarkosningar	650.000 kr.
31. Eignasjóður: Hækkun viðhald sparkvallar	130.000 kr.
31. Eignasjóður: Lækkun viðhaldskotn í Húnaveri	- 300.000 kr.
33. Þjónustumiðstöð: Hækkun viðhaldskostn bifreiðar	200.000 kr.

Samtals: - 9.140.000 kr.

Með tillöggunni fylgja sundurliðanir og frekari skýringar.

Fjárfestingar: Áætlað er að kostnaður við að ljúka uppsetningu glugga í Húnaveri, gólfefni og slípun, ný útihurð og frágangur verði um 2 millj. kr. Áætlað er að framkvæmdir við sundlaug muni kosta um 5,5 milljónir kr. Fjárfestingar við sundlaug voru áætlaðar 1 millj. kr.

Endurbætur á ljóskerjum og öðrum búnaði ljósastaura 1,4 millj. kr. Vegna þessa er samþykkt að hækka fjárfestingahreyfingar sjóðstreymis eignasjóðs um 7,9 millj. kr. sem koma til lækkunar á handbæru fé.

4. Áætlun til þriggja ára um refaveiðar.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps 149. fundur.

Lögð fram áætlun um refaveiðar til þriggja ára, sem byggir á rauntölum 2013. Gert er ráð fyrir óbreyttri tilhögun við veiðarnar. Heildarkostnaður áætlaður um 13,8 millj. kr. Áætlunin var send Umhverfisstofnun 22. maí sl.

Samþykkt var að fyrirkomulag refaveiða í sumar verði óbreytt frá fyrra ári. Sveitarstjóra var falið að ganga frá samningum um grenjavinnslu. Jakob Sigurjónsson og Ingibjörg Sigurðardóttir sátu hjá við afgreiðslu þessa máls.

5. Niðurstaða skoðanakönnunar um sameiningarmál.

Skoðanakönnunin fór fram samhliða sveitarstjórnarkosningum 31. maí 2014. 247 tóku þátt í könnuninni og eru það 79,4% af þeim sem eru á kjörskrá í Húnavatnshreppi. 130, eða 52,6% þátttakenda höfðu sameiningu Húnavatnshrepps við önnur sveitarfélög. 111, eða 44,9% þátttakenda vildu sameiningu Húnavatnshrepps við önnur sveitarfélög. 5 skildu auðum seðlum og 1 var ógildur.

Af þeim 111 sem vildu sameiningu Húnavatnshrepps við önnur sveitarfélög merktu 107 við einn af tilgreindum valkostum sem þeir töldu vænlegastan.

50 töldu sameiningu við Blönduós bæ vænlegasta kost.

42 töldu sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu vænlegasta kost.

9 töldu sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu og Húnaþings-vestra vænlegasta kost.

6 töldu sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra vænlegasta kost.

Könnunin er ráðgefandi fyrir sveitarstjórn Húnavatnshrepps.

6. Bréf:

a) Frá Rauða krossinum á Íslandi, dags. 13. 05. 2014.

Efni: Með erindinu fylgir skýrsla þar sem kannað er hvaða hópar í samfélaginu eigi helst undir högg að sækja.

Til kynningar.

b) Frá Sýslumanninum á Blönduósi, dags. 7. 05. 2014.

Efni: Umsókn dags 7. maí 2014 frá Jóni Kristófer Sigmarssyni kt. 160372-3979, Hæli, 541 Blönduós, um leyfi til að reka gististað í flokki I (heimagisting) að Hæli, 541 Blönduós. Sveitarstjórn samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti.

c) Frá Fræðsluþjónustu Skagfirðinga og fræðsluskrifstofu A-Hún., dags. 05. 05. 2014.

Efni: Afrit af bréfi til heilbrigðisráðherra frá Fræðsluþjónustu Skagfirðinga og Fræðsluskrifstofu A-Hún. Þar sem lýst er þungum áhyggjum vegna slæmra horfa í geðheilbrigðismálum barna og unglunga á Norðurlandi.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps lýsir yfir stuðningi við erindið.

d) Frá Tækifæri hf., dags. 26. 05. 2014.

Efni: Innköllun, ógilding og endurútgáfa hlutabréfa.

Lagt fram til kynningar.

e) Frá Sambandi ísl. Sveitarfélaga, dags. 29. 05. 2014.

Efni: Kynning á siðanefnd Sambands ísl. Sveitarfélaga og hlutverki nefndarinnar.

Til kynningar.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps
149. fundur.

f) Frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dags. 26. 05. 2014.

Efni: Samþykkt um afgreiðslur byggingarnefndar Húnavatnshrepps, nr. 482/2014 var staðfest af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og birt í Stjórnartíðindum 21. maí sl.
Til kynningar.

7. Önnur mál.

Árlegur sveitarfundur var haldinn 29. apríl s.l. þar sem farið var yfir rekstur og starfsemi sveitarfélagsins s.l. ár. Gestir fundarins voru: Guðmundur Sigurðsson yfirverkstjóri Vegagerðarinnar á Hvammstanga sem fór yfir samgöngumál og Guðjón Ólafsson fræðslustjóri og Sigríður B. Aadnegaard skólastjóri sem kynntu drög að skólastefnu Húnavatnshrepps. Góð mæting var á fundinn eða um 60 manns.

Oddviti þakkaði sveitarstjórnarfulltrúum, nefndarfólki, sveitarstjóra og starfsmönnum Húnavatnshrepps fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu og óskar þess að Húnavatnshreppi megi farnast vel á komandi árum, sveitarstjórn Húnavatnshrepps 2010-2014 hefur verið starfssöm og komið mörgum framfaramálum áfram og fór oddviti yfir það helsta.

Fleira ekki gert,
Fundi slitið kl. 15.30

Þóra Sverrisdóttir

Gísli Hólm Geirsson

Jakob Sigurjónsson

Guðmundur R. Halldórsson

Ingibjörg Sigurðardóttir.

Magnús R. Sigurðsson

Jón Gíslason

Jens P. Jensen